

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 24. maí 2016

Tilvísun: 2016040721HSP/-

### Efni: Frumvarp til útlendingalaga

Persónuvernd vísar til umsagnar stofnunarinnar, dags. 19. maí 2016, um frumvarp til nýrra útlendingalaga (þskj. 1180, 728. mál á 145. löggjafarþingi) og fundar fulltrúa stofnunarinnar með allsherjar- og menntamálanefnd þann 20. s.m. Á fundinum var þess óskað að Persónuvernd setti fram tillögur að útfærslu 1.-2. mgr. 17. gr. og a-liðar 1. mgr. 119. gr. frumvarpsins.

1.

*1.-2. mgr. 17. gr. frumvarpsins*

Í 17. gr. frumvarpsins er fjallað almennt um heimildir til vinnslu persónuupplýsinga í þágu útlendingamála. Segir í 1. mgr. þess ákvæðis að Útlendingastofnun, kæruneftnd útlendingamála, Þjóðskrá Íslands og lögreglu sé heimil vinnsla persónuupplýsinga um útlendinga, þ. á m. þeirra sem viðkvæmar geta talist, ef sú vinnsla telst nauðsynleg við úrlausn mála. Þá segir í 2. mgr. ákvæðisins að umræddum stofnunum sé heimilt að samkeyra persónuupplýsingar um útlendinga svo að tryggja megi að dvöl þeirra hér á landi sé lögleg. Í því skyni megi þær afla upplýsinga hjá skattyfirvöldum, Vinnumálastofnun og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Með vísan til umræðna á fundi allsherjar- og menntamálanefndar þann 20. s.m. leggur stofnunin til að 1. og 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins verði orðaðar svo:

„Útlendingastofnun, kæruneftnd útlendingamála, Þjóðskrá Íslands og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga útlendinga að fullnægðum heimildarákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem og að því marki sem mælt er fyrir um heimildir til slíkrar

vinnslu í lögum þessum. Að svo miklu leyti sem lög þessi mæla ekki fyrir um á annan veg gilda ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um vinnslu upplýsinganna.

Stofnunum skv. 1. mgr. er heimilt að samkeyra persónuupplýsingar útlendinga svo tryggja megi að dvöl þeirra hér á landi sé lögleg. Í því skyni er þessum stofnunum heimilt að afla upplýsinga hjá skattyfirvöldum, Vinnumálastofnun og félagsþjónustu sveitarfélaga. Niðurstöður samkeyrslna, sem þýðingu hafa vegna einstakra mála, skulu varðveittar með málsgögnum, en öðrum niðurstöðum skal eytt. Að öðru leyti fer um þessar samkeyrslur eftir ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

Þá skal ítrekað að Persónuvernd telur að skýrt þurfi að vera frá hverjum megi afla upplýsinganna, sbr. 1. mgr. 17. gr. Stofnunin hefur þó ekki forsendur til þess að leggja mat á það að svo stöddu. Þá hefur stofnunin ekki heldur forsendur til þess að meta það hvaða upplýsingar eða flokka upplýsinga um útlendinga getur þurft að samkeyra, sbr. 2. mgr. Engu að síður er lögð áhersla á að þetta verði kannað og viðeigandi breytingar eða viðbætur gerðar við ákvæðið.

## 2.

### *A-liður 1. mgr. 119. gr. frumvarpsins*

Í a-lið 1. mgr. 119. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir heimild til handa ráðherra til setningar reglna um að sá sem rekur gististað, af hvers kyns tagi, eða heldur tjaldsvæði og þess háttar skuli halda skrá yfir þá sem þar gista og tilkynna lögreglunni um þá. Að auki er gert ráð fyrir að samkvæmt umræddum reglum geti öðrum einnig verið skylt að veita upplýsingar um útlendinga sem hjá þeim gista ef ástæða þyki til vegna öryggissjónarmiða eða sérstaks viðbúnaðar.

Með vísan til umsagnar Persónuverndar, dags. 19. maí 2016, sem og umræðna á fundi allsherjar- og menntamálanefndar þann 20. s.m. leggur stofnunin til að a-liður 1. mgr. 119. gr. frumvarpsins verði orðaður svo:

„Ráðherra getur sett reglur um:

a. að sá sem rekur gististað, af hvers kyns tagi, eða heldur tjaldsvæði og þess háttar, skuli halda skrá yfir þá sem þar gista og tilkynna lögreglunni um þá, telji hún upplýsingarnar nauðsynlegar til að koma í veg fyrir ógnanir, vegna meðferðar sakamáls eða til þess að upplýsa hvað hafi hent horfna menn eða fórnarlömb slysa.“

F. h. Persónuverndar,

  
Helga Þórisdóttir

  
Helga Sigríður Þórhallsdóttir